

71. stjórnarfundur haldinn í Gömlubúð og í Skaftafelli 7. október 2013.

Mætt: Hjalti Þór Vignisson, formaður, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Reynir Arnarson, Elín Heiða Valsdóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Fundur hófst kl.10:15

1. *Samþykki dagskrár*
 - Útsend dagskrá samþykkt.

2. *Frumvarp til fjárlaga 2014*

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2014, var lagt fram og kynnt á Alþingi 1. október s.l. Þar birtist veruleg lækkun á framlögum til Vatnajökulspjóðgarðs, eða sem nemur alls 380 m.kr. m.v. Fjárlög yfirstandandi árs.

Framlag til rekstrar sætir hagræðingarkröfu, en verðbætt stendur það krónulega nánast í stað milli ára.

Fastur framkvæmdaliður sætir einnig hagræðingarkröfu og lækkar alls rétt um 100 m.kr. m.v. Fjárlög 2013.

Framlag sem koma átti til uppbyggingar Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri fellur út, en varðandi þetta verkefni stendur einnig í frumvarpinu: „*áform um byggingu setursins verði skoðuð síðar með hliðsjón af stöðu ríkissjóðs.*“

- Ákveðið að formaður stjórnar biðji um fund með ráðherra um málið.

3. *Fjármál*

Reksturinn í heild fyrstu átta mánuði er innan áætlunar, bæði launaliður og útgjaldaliðurinn önnur gjöld eru heldur lægri en áætlað var og tekjur heldur hærrí en áætlað var. Ekkert bendir til annars en að í heild verði rekstarniðurstaðan í lok árs í samræmi við áætlun.

4. *Atvinnustefna*

Unnið hefur verið að uppstillingu að drögum að samningstexta fyrir tvenns konar samningsramma, annars vegar almennan samningsramma og hins vegar verkefnissamninga, sem þjóðgarðurinn gæti gert við samstarfsaðila sína.

Framangreind drög verða rædd og unnin frekar m.a. í samráði við svæðisráð.

Í framhaldinu verður rætt við hagsmunaaðila/fyrirtæki/samstarfsaðila þjóðgarðsins og endanleg útfærsla yrði til sem lögð verður fyrir stjórn.

5. *Svæðisráð-fundargerðir*

- norðursvæði; 22. janúar: „*Svæðisráð norðursvæðis beinir því til stjórnar að í viðræðum við Vegagerðina verði lögð áhersla á að leiðbeinandi hraði (merkt með bláum skiltum)verði á Dettifossvegi 862 í þjóðgarði og ef hraði á vegi hefur neikvæð áhrif á gesti þjóðgarðsins megi að endurskoða hann.*“
- Stjórn tekur málið upp við Vegagerðina við tækifæri.

- austursvæði: annars vegar var um að ræða fundargerð svæðisráðs frá 6. júní um vegamál: „Svæðisráð austursvæðis harmar það hve illa gengur að fá á hreint hver ber ábyrgð á slóðum og vegum innan þjóðgarðsins. Ört vaxandi umferð ferðamanna eykur líkur á óhöppum og slysum á vegum sem óljóst er hver ber ábyrgð á og hvar skaðabótaskylda liggur. Svæðisráð hvetur stjórn þjóðgarðsins til að koma þessum málum á hreint áður en kemur til málaferla vegna slysa. Jafnframt ítrekar svæðisráð fyrri bókanir sínar um slóðir sem brýnt er að lagfæra ellegar þurfi að loka þeim fyrir allri umferð í sumar. Svæðisráð telur Kofaölduslóð eiga að vera í algjörum forgangi og síðan Sauðakofaslóð og slóðina inn í Bergkvíslarkofa. Svæðisráð hvetur sveitarstjórnir Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs til að vinna með þjóðgarðinum að því að finna fjármuni til að fara í þessar vegabætur hið fyrsta.“

- Stjórn sammála um að mikilvægt sé að finna viðeigandi farveg fyrir viðhald vega í þjóðgarðinum.

og hins vegar 8. ágúst; 2. liður, jaðarmiðstöð í Möðrudal:

„Svæðisráð er einhuga um að gerður verði samningur til lengri tíma, allt að 10 ára, milli þjóðgarðsins og Fjalladýrðar um leigu á húsnæði fyrir upplýsingastöð ásamt samningi um upplýsingagjöf og landvörslu yfir ferðamannatímamann í Möðrudal. Stækkun þjóðgarðsins með Krepputungu og aukinn ferðamannastraumur knýr á um bæði upplýsingagjöf og landvörslu á svæðinu.“

Svæðisráð leggur til við stjórn þjóðgarðsins að gengið verði til samninga við Fjalladýrð og tryggt verði nýtt fjármagn á fjárlögum 2014 til þess að standa undir honum. Formanni svæðisráðs er falið að fylgja þessu máli eftir hjá stjórn þjóðgarðsins. Jafnframt leggur svæðisráð til að leitað verði eftir samstarfi við sveitarfélög á Austursvæði og Norðursvæði vegna upplýsingagjafar í Möðrudal.“

- Kom fram að unnið sé að málinu á vegum viðeigandi sveitarfélaga. Stjórn sammála um að taka málið upp þegar þeirri vinnu er lokið.

suðursvæði 30. september s.l., annars vegar varðandi erindi frá rekstraraðilum á Skálafelli 1, þar sem samþykkt var að gengið verði í sem fyrst að byggja göngubrú yfir Kolgrímu í samræmi við samning sem íslenska ríkið gerði við eigendur við stofnun þjóðgarðsins

og hins vegar var erindi frá Jöklaöndum ehf., um að fá stöðuleyfi fyrir starfsmannaaðstöðu í Skaftafelli, en svæðisráðið leggst gegn því að gefa slíkt leyfi í Skaftafelli, sem er í samræmi við nýsamþykkt deiliskipulag þar.

6. *Verkefnalisti* Farið yfir þau verkefni sem bæst hafa við frá síðustu útgáfu.

7. *Þjóðgarðsvörður suðursvæðis* kynnti helstu rekstrar- og framkvæmdaverkefni, bæði í Skaftafelli og annars staðar á suðursvæði. Einnig næstu skref í uppbyggingu í Skaftafelli. Kynnt var einnig samantekt; *Þjónustusvæði Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli Staðan í dag – framtíðarsýn, dags.haustið 2013* og þar helstu áhersluatriði m.v. nýtt deiliskipulag; uppbygging nýs bílastæðis, stækkun veitingaaðstöðu, stækkun snyrtiaðstöðu, endurnýjun fræðslusýningar, aukin þjónusta á tjaldsvæði.

Kvikmyndataka á Svínafellsjökli gekk vel, en til skoðunar er hvort heimila eigi lokun á svæðum á meðan. Skoða þarf með ákvæði í stjórnunar- og verndaráætluninni sem tæki á slíku.

- *Erindi frá Jöklamönnum ehf.*

Erindið var tekið fyrir á síðasta stjórnarfundum og þar samþykkt að svæðisráð suður tæki málið til umfjöllunar á næsta fundi sínum og málið síðan aftur tekið fyrir í stjórn. Svæðisráð suður fundaði um málið 30. sept. s.l., sbr. hér að ofan og leggst gegn því að gefa slíkt leyfi í Skaftafelli, sem er í samræmi við nýsamþykkt deiliskipulag þar.

- Framkvæmdastjóri og formaður svæðisráðs, taki að sér framhaldið og ræði við eigendur Freysnes og aðra um hvort möguleiki sé á lóðum undir slíka starfsemi.

- *Skálafell; bréf*

Bréfið var sent á svæðisráð suður, sem fundaði um málið 30. sept. s.l. og ályktaði að ríkið stæði við samning frá 2008, sem kveður m.a. á um byggingu brúar yfir Kolgrímu

- Stefnt að byggingu brúarinnar á árunum 2014-2015.

8. Önnur mál

- *Endurskoðun stjórnfyrirkomulags Vatnajökulsþjóðgarðs-skýrsla,*
- *Ríkisendurskoðun; Forkönnun um rekstur og stjórnskipulag Vjþ ágúst. '13*
- formaður tekur málið upp við ráðherra .

- *Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri*

Lóðamál í lokafrágangi, en upp er komin óvissa með fjármögnun verkefnisins m.v. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2014 og því óvíst um framhaldið.

- Formaður tekur málið upp við ráðherra.

- *Framkvæmdir 2013 - staðan kynnt.*

- *Landssamtök hjólréiðamanna; erindi*

Á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að bjóða fulltrúa/um samtakanna að mæta á stjórnarfundum við fyrsta hentuga tækifæri og þar stefnt á væntanlegan fund í Reykjavík í desember eða janúar n.k. Þjóðgarðvörður norðursvæðis mætir einnig til þess fundar.

- *Hollvinasamtökin Vinir Vatnajökuls; umsóknir 2014*

Sendar voru inn, sem hugmyndir, umsóknir sem snúa að endurnýjun fræðslusýninga og endurnýjun heildarbæklings þjóðgarðsins.

- önnur mál

Frá þjóðgarðsverði vestursvæðis barst minnisblað um *Upplýsingamiðstöð á Kirkjubæjarklaustri*, dags. 2. okt., þar sem lagt er til að skoðað verði með sveitarfélaginu og fleirum, hvort mögulegt sé á að lengja opnunartíma upplýsingastofunnar og skoðað verði með breytt rekstrarfyrirkomulag hennar.

- Samþykkt að þessi hugmynd verði skoðuð frekar.

Snorri Ingimarsson, lagði fram eftirfarandi bókun vegna síðasta stjórnarfundar: „Á síðasta fundi stjórnar VJP, þann 18. september óskaði ég eftir að tvær athugasemdir frá mér væru færðar til bókar.

Fundarritari varð ekki við þeirri beiðni og ég verð því að leggja þær fram sem sérstaka bókun á þessum fundi.

1. Undir lið 2, Erindi frá Jöklaönnum ehf, gerði ég athugasemd við að erindi þeirra var dagsett 19.07 2013 en vitneskja um það barst ekki til stjórnar fyrr en daginn fyrir stjórnarfundinn eða mánuði síðar.

2. Undir lið 4, önnur mál, Erindi frá Landssamtökum hjólreiðamanna, gerði ég athugasemd við að erindi þeirra barst framkvæmdastjóra þann 19.07 2013 en vitneskja um það barst ekki til stjórnar fyrr en daginn fyrir stjórnarfundinn eða mánuði síðar.“

9. *Næsti stjórnarfundur* 13. nóv. á norðursvæði

Fundi slitið kl. 17:15